

## Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um bensíngjald og meðalútsöluverð bensíns.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hvernig hefur bensíngjald (þ.e. almennt vörugjald + sérstakt vörugjald) auk virðisaukaskatts á það gjald þróast frá 1996 sem hlutfall af meðalútsöluverði 95 oktana bensíns?
2. Hvernig hefur bensíngjald (þ.e. almennt vörugjald + sérstakt vörugjald) auk virðisaukaskatts á það gjald þróast frá 1996 í samanburði við vísitölu neysluverðs?
3. Hvernig skiptist meðalútsöluverð 95 oktana bensíns nú í bensíngjald, virðisaukaskatt á það og kostnaðarverð (innkaupsverð + álagningu) og virðisaukaskatt á það bæði í krónum talið og hlutfallslega? Hver er hlutur skattlagningar í meðalútsöluverði?
4. Hvert væri meðalútsöluverð 95 oktana bensíns núna ef ekki hefði verið horfið frá hlutfallslegri skattlagningu í krónutöluskattlagningu með lögum nr. 86/1999?

Skriflegt svar óskast.